

Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. ágúst 2023  
Málsnúmer: 202307-0011  
LA

## Efni: Umsögn vegna beiðni um hagnýtingar grunnvatns á lóð Eldisstöðvarinnar Íspórs hf.

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 10. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Eldisstöðvarinnar Íspórs hf., Þorlákshöfn, um nýtingarleyfi til töku á fersku grunnvatni og jarðsjó á lóð fyrirtækisins. Núverandi nýtingarleyfi er fyrir allt að 350 l/s af ferskvatni og 3.000 l/s af jarðsjó, en áformuð hámarksnýting er allt að 700 l/s af fersku grunnvatni og 6.500 l/s af söltu grunnvatni (jarðsjó).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina, ásamt fylgiskjölum, og telur að huga þurfi vel að samlegðaráhrifum vatnstöku innan sveitarfélagsins Ölfus í ljós aukinnar umsvifa í landeldi og annarrar iðnaðarstarfsemi.

Stækkun Eldisstöðvarinnar Íspórs hf. fór í gegnum mat á umhverfisáhrifum árið 2020 og Í matskýrslu kemur fram mat á áhrifum aukinnar grunnvatnstöku sem byggir á rannsóknum Vatnaskila út frá líkanareikningum (Verkfræðistofan Vatnaskil 2019, fylgiskjal nr. 2). Í niðurstöðum Vatnaskila stendur:

“Niðurstöður gefa til kynna mikilvægi þess til framtíðar litið að taka tillit til heildarvinnslu fiskeldisfyrirtækja og annarra stórnotenda á svæðinu og vinnslufyrirkomulags þeirra eins og staðsetningu hola, dýpi og götun þeirra. Jafnframt þarf að tryggja að sem minnst sé unnið af fersku vatni um jarðsjávarholur og að seltustig jarðsjávarins verði þannig sem næst fullri seltu sjávar, svo fullnægja megi ferskvatnsþörf til einhverrar framtíðar á svæðinu. Er því nauðsynlegt að hverfa frá þeim almennum viðmiðum um dýpi og götun jarðsjávarhola sem að ofan greinir, og horfa frekar til seltuástands grunnvatnskerfisins á hverjum stað og þeirra breytinga sem verða á seltu með tímanum. Fullsaltur sjór liggur ofarlega innan lóðar Íspórs og er því hægt að sækja jarðsjó ofar en annarsstaðar á Hafnarnesinu en með því að vinna of nálægt blandlagi geta áhrif af þeirri vinnslu orðið meiri en ákjósanlegt væri. Mikilvægt er því að vakta grunnvatnsástand svæðisins og fylgjast með viðbrögðum kerfisins við aukinni vinnslu.”

Í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, frá 5. nóvember 2020 kemur fram:

“Skipulagsstofnun telur að setja þurfi skilyrði um vöktun á grunnvatni og viðbrögð við áhrifum á grunnvatnsborð reynist þau meiri en gert er ráð fyrir. Þar er reglulegar prófmælingar á seltu, siritun vatnsborð og mæling á rafleiðni á völdum dýpi í völdum holum. Gera þarf ráð fyrir að sameina þurfi vöktun á svæðinu með öðrum eldisiðnaði og öðrum mögulegum stórnotendum vatns sem kunna að bætast við í framtíðinni. Þessi vöktun á sértaklega við um jaðra þess svæðis við ströndina sem skipulagt hefur verið undir lóðir fyrir fiskeldi, þ.e. á svæðum þar sem ætla má að viðbrögð geti komið fljótt fram við aukna vinnslu. Skipulagsstofnun telur að slík vöktun þurfi að vera samstarfsverkefni sveitarfélags sem skipulagsyfirvalds og leyfisveitanda, Orkustofnunar sem leyfisveitanda fyrir nýtingarleyfi og viðkomandi fyrirtækja.”



Náttúrufræðistofnun tekur undir með álitum Skipulagsstofnunar og telur að með leyfi um aukna grunnvatnsnýtingu innan sveitarfélagsins Ölfus þurfi Orkustofnun að setja skilyrði um vöktun og viðbrögð við áhrifum nýtingar á grunnvatni og stuðla jafnframt að samstarfsverkefni um vöktun á grunnvatni innan sveitarfélagsins vegna samlegðaráhrifa aukinnar vatnstöku frá fleiri nýtingaraðilum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

